

Ágæti viðtakandi,

Á fundi 19. fundi hreppsráðs Rangárbings ytra 16. febrúar 2012 var eftirfarandi tekið fyrir og bókað:

16. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis; Beiðni um umsögn við frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

*Hreppsráð áskilur sér rétt til að senda inn umsögn fram yfir næsta fund sveitarstjórnar. Hreppsráð vísar erindinu til umhverfis-, hálendis- og samgöngunefndar og óskar eftir að nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem áætlaður er 1. mars.*

X 17. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis; Beiðni um umsögn við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

*Hreppsráð áskilur sér rétt til að senda inn umsögn fram yfir næsta fund sveitarstjórnar. Hreppsráð vísar erindinu til umhverfis-, hálendis- og samgöngunefndar og óskar eftir að nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem áætlaður er 1. mars.*

18. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis; Beiðni um umsögn við tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 342. mál.

*Hreppsráð áskilur sér rétt til að senda inn umsögn fram yfir næsta fund sveitarstjórnar. Hreppsráð vísar erindinu til umhverfis-, hálendis- og samgöngunefndar og óskar eftir að nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem áætlaður er 1. mars.*

19. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis; Beiðni um umsögn við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. mál.

*Hreppsráð áskilur sér rétt til að senda inn umsögn fram yfir næsta fund sveitarstjórnar. Hreppsráð vísar erindinu til umhverfis-, hálendis- og samgöngunefndar og óskar eftir að nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem áætlaður er 1. mars.*

Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefnd tók erindin fyrir á fundi sínum 27. febrúar 2012 og voru eftirfarandi umsagnir gerðar við frumvarpstíllögurnar:

3a) Nefndin tók fyrir frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál. Í beiðni Alþingis var óskað eftir umsókn sveitarfélagsins. Hreppsráð fól nefndinni að skila umsókn um frumvarpið fyrir 1. mars nk.

Umsögn nefndarinnar:

*Nefndin leggur áherslu á að þessir vegir (vegaframkvæmdir) verði kláraðir og lagðir bundnu slítlagi:*

- Landvegur nr. 26, frá því að malbik endar við Galtalæk og inn á veg F26 neðan Sultartanga. Vegurinn verði uppbyggður og lagður bundnu slítlagi.
- Árbæjarvegur nr. 271 og Bjallavegur nr. 272. Frá því að malbiki sleppir við Árbæ og inn á Landveg nr. 26 við Þúfu. Vegurinn verði kláraður, lagður bundnu slítlagi og sniðnar af honum hættulegar beygjur.
- Brú yfir Þverá. Tengd verði saman hverfin á Bakkabæjum og Oddahverfi með vegi og brú yfir Þverá.
- Þingskálavegur nk. 268. Frá því að malbiki sleppir við Heiði og inn á Landvegi nr. 26. Vegurinn verði byggður upp sem heilsársvegur og lagður bundnu slítlagi.
- Rangárvallavegur (Keldnabringur) nr. 264. Vegurinn verði kláraður og lagður bundnu slítlagi.
- Sandbólaserjuvegur. Vegurinn verði byggður upp, gerður að heilsársvegi og tekinn inn á vegaskerá að nýju.
- Hagabraut nr. 286. Vegurinn verði lagður bundnu slítlagi.

*Ofangreindar áherslur um framkvæmdir eru ekeki í forgangsrið nefndarinnar.*

Samþykkt samhljóða.

- X 3b) Nefndin tók fyrir tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál. Í beiðni Alþingis var óskað eftir umsókn sveitarfélagsins. Hreppsráð fól nefndinni að skila umsókn um þingsályktunartillöguna fyrir 1. mars nk.

Umsögn nefndarinnar:

*Ekki er gerð athugasemd við þingsályktunina umfram það sem lagt er upp með í umsögn um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, máls nr. 392 og er vísað í hana.*

Samþykkt samhljóða.

- 3c) Nefndin tók fyrir tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun 2011-2022, 342. mál. Í beiðni Alþingis var óskað eftir umsókn sveitarfélagsins. Hreppsráð fól nefndinni að skila umsókn um þingsályktunartillöguna fyrir 1. mars nk.

Umsögn nefndarinnar:

*Ekki er gerð athugasemd við tólf ára áætlun að öðru leyti en því sem kemur fram í umsögn nefndarinnar vegna máls nr. 343 um fjögurra ára fjarskiptaáætlun 2011-2014.*

Samþykkt samhljóða.

- 3d) Nefndin tók fyrir tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun 2011-2014, 343. mál. Í beiðni Alþingis var óskað eftir umsókn sveitarfélagsins. Hreppsráð fól nefndinni að skila umsókn um þingsályktunartillöguna fyrir 1. mars nk.

Umsögn nefndarinnar:

*Nefndarmenn voru sammála um að leggja mikla áherslu á að í fjarskiptamálum verði komið á tryggju fjarskiptasambandi í sveitarfélaginu og að sett verði upp öryggiskerfi þannig að hægt sé með skjótum hætti að koma boðum til íbúa og gesta í sveitarfélaginu vegna yfirvofandi náttúruhamfara. Kemur þessi tillaga fram af gefnu tilefni vegna tveggja eldgosa á Eyjafjallajökulsvæðinu, annarsvegar á Fimmvörðubálsi og hinsvegjar í Eyjafjallajökli, árið 2011. Í sveitarfélaginu og í nágrennasveitum eru virkustu eldstöðvar Íslands. Þá er sveitarfélagið á mjög virku jarðskjálftasvæði. Það skiptir öryggi og hagsmuni þeirra sem í sýslunni dvelja, til lengri eða skemmri tíma, miklu máli að yfirvöld geti með skjótum hætti komið skilaboðum um rýmingu eða öðrum upplýsingar er varða almannabeill á framfæri með samræmdum, skjótum og öruggum hætti.*

Á 29. fundi sveitarstjórnar Rangárbings ytra 1. mars sl. var fundargerð samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

2. 14. fundur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar, dags. 27. feb. 2012.

Varðandi tl. 3:

*Sveitarstjóra falið að senda athugasemdir nefndarinnar til Nefndasviðs Alþingis í samræmi við bókun hreppsráðs tl. 16-19 frá 19. fundi 16. febrúar 2011.*

Fyrir hönd sveitarstjórnar fer ég þess á leit að umsagnir samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar Rangárbings ytra verði að fullu teknar til greina þegar kemur að lokasamþykkt samgöngu- og fjarskiptaáætlana.

Virðingarfyllst,

Gunnsteinn R. Ómarsson